

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/410
komudagur 3.12.2009

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 02. desember 2009
2009110007/42-1-3
TB
jgo/tb

Landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 12. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu, þskj. 19-19. mál. Markmið landnýtingaráætlunarinnar er að finna leiðir til að geta tekið á móti auknum fjölda ferðamanna án þess að ganga of nærri hálandinu.

Náttúrufræðistofnun Íslands styður að gerð sé landnýtingaráætlun vegna ferðamennsku á miðhálandinu en telur að huga þurfi að mun fleiri þáttum en fram koma í greinargerð. Í greinargerðinni er fjallað um ýmsa þætti ferðamennsku og þau áhrif sem hún getur valdið. Komið er m.a. inn á fjölgun ferðamanna, áhrif á víðerni og aðra umhverfisþætti og fjallað er um Rammaáætlun um vernd nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Hvergi er hins vegar minnst á Náttúruverndaráætlun og ekki er fjallað beint um að afla þurfi áreiðanlegra gagna um náttúru landsins m.a. til að meta þolmörk vegna ferðamennsku. Lítið er fjallað um megin stjórnunaraðferðir vegna ferðamennsku, t.d. landverði. Hingað til hafa þættir eins slit á gróðurfari, t.d. vegna stíga, og „offjölgun“ ferðamanna verið metin en þó mjög takmarkað. Það er því spurning hvort ekki þurfi að vinna verndaráætlun fyrir hálandið í heild þar sem áætlun vegna ferðamennsku er aðeins einn þáttur af mörgum. Rétt er að benda á að nú er verið að vinna að verndaráætlun fyrir Vatnajökulspjóðgarð þar sem ferðamennska er einn þáttur, en stór svæði innan hans tilheyra hálandinu. Stór svæði eru einnig friðlýst s.s. Þjórsárver og Guðlaugstungur, en Þjórsárver eru auk þess Ramsarsvæði og ber Íslandi að vinna verndaráætlun fyrir slík svæði. Það er því að mörgu að hyggja hvað varðar samræmingu ólíkra áætlana og varast þarf óþarfa tvíverknað. Einnig liggur fyrir svæðisskipulag fyrir Miðhálandið eins og kemur fram í greinargerðinni.

Grunnupplýsingar bæði um ferðamennsku og náttúrufar eru af skornum skammti og því oft erfitt að ákveða forgangs röðun m.t.t. verndar og nýtingar. Það er því bráðnauðsynlegt að hafa einnig til staðar rannsóknar- og vöktunaráætlanir og gott yfirlit yfir náttúrufar. Það er undirstaða þess að landnýtingaráætlanir eins og hér um ræðir nái markmiðum sínum og séu nýtanlegar og lýsi raunverulegu ástandi og geri ráð fyrir hvernig eigi að takast á við breytingar sem kunna að verða.

Á undanförmum árum hafa verið unnar ítarlegar rannsóknir á lykilsvæðum á Miðhálandinu í



tengslum við gerð Rammaáætlunar vegna nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Búið er m.a. að skilgreina og kortleggja vistgerðir á hálendinu sem lýsa náttúrufari þess. Einnig er búið að lýsa að miklu leyti náttúrufari allra háhitasvæða landsins. Á grundvelli þessara gagna og með frekari gagnaöflun af svipuðum toga má leggja grunn að landnýtingar- og verndaráætlun fyrir hálendið í heild sem tekur til ferðamennsku jafnt sem annarrar landnotkunar.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

